

V. flokkur: Apótek Neskaupstaðar,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Húsavíkur apótek,
Laugarnes apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 1. október 1965.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsalalaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júlí 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 141.

16. júlí 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Stöðvarfjarðarkauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og eftir samþykkt hreppsnefndar Stöðvarhrepps, er eftirfarandi takmörkun sett um umferð um Stöðvarfjarðarkauptún:

Hámarkshraði um Stöðvarfjarðarkauptún skal vera 30 km á klst.
Viðeigandi umferðarmerki hafa verið sett upp.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 16. júlí 1965.

Axel V. Tulinius.

Nr. 142.

16. júlí 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðarkauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og eftir samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, er sett eftirfarandi takmörkun á umferð um Egilsstaðarkauptún:

Einstefnuakstur er um götuna Laufás frá Selási að Skjólbrekku.
Viðeigandi umferðarmerki verða sett upp við göturnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 16. júlí 1965.

Axel V. Tulinius.